



# Nei, íslenska er ekki útlenska

Höskuldur Þráinsson



# Skipulag

- Íslenska sem útlenska: Punktar úr grein eftir Guðmund Andra Thorsson
- Markmið málfræðikennslu samkvæmt námskrá
- Málfræði, flyglar og tónfræði
- Samhengis- og varðveislumarkmið kennslunnar
- Máltaka barna
- Gagnslausar og jafnvel skaðlegar leiðréttingar
- Málvernd, máltilfinning, máleyra
- Leið til betri árangurs á PISA-prófinu





# Íslenska sem útlenska

Guðmundur Andri í *Fréttablaðinu* 4. mars 2013 (leturbr. HP):

- Þegar einblínt er á að **kenna málið út frá villunum** en ekki möguleikunum sem í því felast **gleymist að krakkarnir kunna málið þegar þeir koma í skólann**. Stundum hefur hvarflað að manni að markmið íslenskukennslu í skólum sé að sýna börnum fram á að íslenska sé útlenska. Og ekki bara útlenska heldur ákaflega **erfið útlenska sem þau muni aldrei ná tökum á**. Er þetta atviksorð? Er þetta óákveðið fornafn (hvor fjárin sem það nú annars er)? Kenniliður? Sagnliður? Veistu þetta ekki? Þá kanntu ekki íslensku. Íslenska er nefnilega útlenska.



# Íslenska sem útlenska, 2

Annar punktur frá Guðmundi Andra, eignaður Þorvaldi Þorsteinssyni rithöfund og þúsundþjalasmið (leturbr. HB):

- Þorvaldur sagði að börn í grunnskóla hefðu í raun á móta færni í að nota íslensku og konsertþíanisti hefur á hljóðfæri sitt, en kennsluháttunum mætti líkja við það að konsertþíanistinn einblíndi í þjálfun sinni á feilnótunum — krakkarnir skilgreina málnotkun sína út frá feilnótunum — og áherslan á greiningu og lýsingu málsins fremur en beitingu þess **jafngilti því að láta konsertþíanistann einbeita sér að því að taka flygilinn í sundur og setja hann aftur saman í réttri röð.**



# Íslenska sem útlenska, 3

Tvö aðalatriði hjá Guðmundi Andra sem ég ætla að ræða. Það fyrra má orða svona:

- Það er lögð of mikil áhersla á að leiðrétta einstök atriði í máli barna í skólum, „kenna málið út frá villunum“, og of lítil áhersla á að gera börnunum grein fyrir því að þau kunna málið að langmestu leyti, ólíkt útlensku. Þetta leiðir til ranghugmynda barnanna um málið og getur leitt til óöryggis eða „málótta“ (orð frá Stefáni Karlssyni, handritafræðingi).

Einar Þór Karlsson íslenskukennari hefur borið á móti þessu í grein á *visir.is* (2013) en ég held að þetta sé a.m.k. að nokkru leyti rétt.



# Íslenska sem útlenska, 4

Síðara umræðuatriðið hjá Guðmundi Andra (að hluta til ættað frá Þorvaldi Þorsteinssyni) má orða svona:

- Áherslan í málfræðikennslunni á greiningu og lýsingu málsins í skólum jafngildir því að konsertpíanisti væri kennt að **taka flygilinn í sundur og setja hann saman aftur**. Það er augljóslega ekkert vit í því og þess vegna á að hætta þessari kennslu.

Þetta er byggt á misskilningi á eðli og markmiði málfræðikennslu.



# Markmið málfræðikennslu skv. námskrá

Lýsing á markmiði málfræðikennslu í íslensku í grunnskóla (sbr. *Aðalnámskrá grunnskóla 2013:100*, leturbr. og uppsetning HP):

- Markmið málfræðikennslu í grunnskóla er að **gera nemendur viðræðuhæfa** um mál og málfar, gera þá að betri málnotendum og glæða áhuga þeirra á móðurmálinu.
- Í yngstu bekkjum grunnskóla er áhersla einkum lögð á orðaforða og að móta málbeitingu og **máltilfinningu**. Mikilvægt er að umfjöllun um málfræði **styðjist við færni nemenda í máli og miði að því að efla sjálfstraust þeirra og vitund um eigin færni**.

Síðari liðurinn hér í ágætu samræmi við það sem GAT talar um.



# Málfræði, flyglar og tónfræði

Hvað felst í markmiðinu „að gera nemendur viðræðuhæfa um mál og málfar“?

- að þekkja hugtök sem má nota til að ræða um mál: nafnorð, lýsingarorð, sögn, þátíð, þolfall, aukasetning, viðtengingarháttur ...

Þetta er **ekki** hliðstætt hljóðfærasmiði heldur **tónfræði**. Í tónfræði læra tónlistarmenn um eðli og uppbyggingu tónlistar og læra hugtök sem m.a. „gera þá viðræðuhæfa um tónlist“:

- hálfþónn, heiltónn, físi, heilnóta, fjórðapartsnóta, tríóla, G-dúr, 4/4, 5/4 ...

Þetta á t.d. við um Víking Heiðar Ólafsson, Tómas R. Einarsson, Megas ... jafnvel „hina ástsælu Spaða“.





# Samhengis- og varðveislumarkmið

Þetta markmið er fyrirferðarmikið í umræðu um íslensku og íslenskukennslu, ekki síst málfræðikennslu, sbr. eftirfarandi (Indriði Gíslason o.fl. 1988:53, uppsetning og leturbr. HP):

- Íslendingar hafa sett sér það mark að **varðveita** tungu sína og efla hana. — Með varðveislunni íslenskrar tungu er átt við að **halda órofnu samhengi í máli frá kynslóð til kynslóðar**, einkum að gæta þess að ekki fari forgörðum þau tengsl sem verið hafa og eru enn milli lifandi máls og bókmennta allt frá upphafi ritaldar.
- Hið sögulega samhengi sem hér hefur verið skírskotað til á umfram allt við ritað mál. Ástæðan til þess að það hefur haldist er fyrst og fremst sú að **málkerfið hefur litlum breytingum tekið. Beygingakerfið** er að mestu leyti óbreytt frá formáli þótt ýmsar breytingar hafi orðið á beygingu einstakra orða. **Meginreglur um setningagerð** og orðskipan hafa líka haldist.



# Samhengis- og varðveislumarkmið, 2

Ein afleiðing af samhengis- og varðveislumarkmiðinu:

- Það er lögð mikil áhersla á það í skólum að **leiðréttu einstök atriði** í beygingum og setningagerð (sbr. ábendingar Guðmundar Andra).
- Sömu áherslu og sömu aðferð má oft finna í leiðbeiningaþáttum í fjölmiðlum um málfar.

Nokkrar spurningar:

- Er þessi aðferð líkleg til árangurs? (Nei)
- Ber þessi aðferð góðan árangur? (Nei, yfirleitt ekki)
- Gæti þessi aðferð verið skaðleg? (Já)
- Hvernig tileinkum við okkur móðurmálið?



# Máltaka barna

Meginniðurstaða rannsókna undanfarinna áratuga (sjá t.d. yfirlitsgreinar Sigríðar Sigurjónsdóttur 2005, 2013 og rit sem þar er vísað til):

- Það má lýsa verulegum hluta máltökunnar þannig að börn séu að tileinka sér „reglur“ (misjafnlega almennar að vísu).
- Börn á máltökuskeiði tileinka sér málið að langmestu leyti án beinnar tilsagnar, þ.e. af því að það er „fyrir þeim haft“ en ekki af því að þeim sé beinlínis kennt það.



## Máltaka barna, 2

Dæmi um „málfræðireglur“ sem íslensk börn tileinka sér ómeðvitað og án tilsagnar (sbr. t.d. Indriða Gíslason o.fl. 1986, Höskuld Þráinsson 2005 og rit sem þar er vísað til):

- Kvenkynsnafnorð sem enda á *-a* í nf.et. enda á *-u* í aukaföllum og *-ur* í fleirtölu.
- Persónubeygða sögnin er yfirleitt í öðru sæti í setningum hvort sem það er frumlagið eða einhver annar liður sem fer á undan en í fyrsta sæti í beinum *já/nei*-spurningum.
- Frumlag setningar er yfirleitt í nefnifalli nema þegar tiltekinn merkingarflokkur sagna á í hlut.
- Þolmynd er mynduð þannig að frumlagið samsvarar andlagi viðkomandi sagnar í germynd og er í nefnifalli ef andlagið í germyndinni er í þolfalli en annars ekki.



## Máltaka barna, 3

Hvað er til marks um það að börn tileinki sér þessar reglur án tilsagnar?

- Börn „kunna“ þessar reglur — annars gætu þau hvorki talað né skilið íslensku (og það er rétt hjá GAT og ÞÞ) — þau gætu t.d. ekki myndað (né skilið) fleirtölu af orðinu *þúfa* ef þau hefðu aldrei heyrt það áður og gætu ekki myndað réttar staðhæfingarsetningar, beinar spurningar né þolmyndarsetningar sem þau hefðu ekki heyrt áður.
- Kannast einhverjir foreldrar við að hafa sagt við börn sín: „Fleirtalan af orðinu *dúfa* er *dúfur*, alveg eins og *dúkka* er í fleirtölu *dúkkur*?“ – „Frumlag er yfirleitt í nefnifalli“ – „Persónubeygða sögnin kemur yfirleitt í öðru sæti nema í beinum spurningum“ – „Frumlagið í þolmyndarsetningum er andlag samsvarandi germyndarsetningar og er í nefnifalli ef andlagið í germyndinni er í þolfalli“ ...?



# Leiðréttingar á stökum atriðum

## Spurning:

- Ef málkunnáttan felst að verulegu leyti í því að kunna almennar reglur, hvaða áhrif er þá líklegt að leiðrétting á stökum atriðum hafi?

## Tveir möguleikar líklegastir:

- Leiðrétting á stöku atriði sem styðst við reglu í máli þess sem í hlut á mun **ekki hafa nein áhrif**.
- Leiðrétting á stöku atriði sem styðst við reglu í máli þess sem í hlut á getur **gert hann óöruggan, valdið því að hann hættir að treysta málkennd sinni og jafnvel eyðilaggt regluna í máli hans og þannig í raun valdið málsþjöllum**.



# Leiðréttingar sem engu skila

Rannsókn gerð í námskeiði við HÍ fyrir tveimur árum:

- Leitað á *Tímarit.is* að dæmum um atriði sem höfðu verið kölluð *málvilla*, *orðskrípi*, *ambaga*, *mállýti*, *bögumæli*, *málleysa*, *beygingarvilla* ... á því tímabili sem gagnabankinn nær til (byrjar á 19. öld og nær fram á þá 21.).
- Athugað hver af þeim atriðum sem höfðu verið nefnd þessum nöfnum snemma á síðustu öld höfðu látið undan síga eða horfið úr sögunni í áranna rás.

Niðurstaða:

**Nánast ekkert** af því sem menn höfðu amast við snemma á síðustu öld hafði horfið úr sögunni nema þá einstök orð, einkum meint tökuorð úr dönsku. Annars var haldið áfram að hamra á því sama (en auðvitað bættust nokkur atriði við).



## Leiðréttingar sem engu skila, 2

Skemmtilegt dæmi (Helgi Pjeturss 1927, leturbr. HP):

- Hvergi hefi eg séð minst á ískyggilega málsþillingu, sem er þó orðin svo mögnuð að hún gerir vart við sig hjá vel ritfærum mönnum. Málsþillingu þessa mætti kalla **þágufallssýki** (*dativitis*), því að hún lýsir sér þannig, að menn nota mjög þágufall orða þar sem á að vera þolfall. Þannig skrifa nú orðið flestir: „*að bola einhverjum burt*“, þó að hið rétta sé: „*að bola einhvern burt*“ [...] Málsýkingu þessa þyrfti að rannsaka og íslenskukennararnir í barnaskólunum ætu að geta átt góðan þátt í að útrýma henni.

### Spurning:

- Tókst Helga og íslenskukennurum að fá menn til að hætta að segja *að bola einhverjum burt*? Af hverju ekki?





# Leiðréttingar sem engu skila, 3

## Fallstjórn sagna og máltaka:

- Algengast er að andlag sagna sé í þolfalli. Þó taka býsna margar sagnir þágufallsandlag. Hvernig fara börn að því að tileinka sér það? Gildir einhver regla um þetta eða geta þau búið sér til slíka reglu?

Ein regla hefur verið orðuð á þessa leið (Jóhannes Gísli Jónsson 2005:384, sbr. líka Maling 2002):

- Sagnir sem tákna að **koma einhverju á (snögga) hreyfingu** taka t.d. yfirleitt með sér andlag í þágufalli (ef það hefur merkingarhlutverkið **þema**, þ.e. á við það sem er fært úr stað).  
*henda, kasta, sletta, fleygja, þruma, grýta, sprauta, ýta ...*

Sögnin *bola burt* fellur undir þessa reglu (alhæfingu). Þess vegna skilaði „leiðrétting“ Helga Þjeturss engu.



# Leiðréttingar sem gera illt verra

- Frumlag sem táknar **geranda** (e. *agent*, þ.e. þann sem gerir eitthvað viljandi) er alltaf í nefnifalli. Frumlag sem táknar **skynjanda** eða **reynanda** (e. *experiencer, perceiver*, þ.e. lifandi veru sem verður fyrir einhverri reynslu, finnur eitthvað eða skynjar, svo sem andlegt eða líkamlegt ástand og sem hún hefur ekki stjórn á) er mjög oft í þágufalli (sbr. Höskuldur Þráinsson 2005:321, Jóhannes Gísli Jónsson 2005:375):

**Mér** býður við setningafræði, **Henni** sárnaði þetta,  
**Honum** leiðist, **Henni** líkar vel í Kaupmannahöfn,  
**Mér** líður ekki vel, **Þorvaldi** finnst að þetta geti gengið,  
**Honum** misheyrðist, **Stúlkunni** er kalt,  
**Ráðherrunum** lenti saman, **Hannesi** gekk vel á mótinu  
**Okkur** miðar ágætlega, **Mér** hættir til að vera langorður



# Leiðréttingar sem gera illt verra, 2

## Spurningar:

- Hvernig fara börn að því að afmarka þennan merkingarflokk sagna?
- Hvað eru börn að gera sem nota dæmi eins og þessi eða telja þau eðlileg, auk þeirra sem voru talin á glærunni á undan?
  - **Mér** langar ekki í skólann í dag.
  - **Mér** vantar nýtt hjól.
  - **Mér** hlakkar til jólanna.
  - **Mér** kvíðir fyrir prófunum.
- Ef þessi málnotkun er „reglubundin“ hjá börnunum, hvaða áhrif gæti það þá haft að leiðrétta einstök atriði sem eru í samræmi við þessa reglu sem börnin hafa komið sér upp, þ.e. segja þeim að nota þolfall eða nefnifall með sögnunum sem eru taldar hér fyrir ofanm, t.d. nefnifall með *hlakka til*?



# Leiðréttingar sem gera illt verra, 3

Nánar um hugsanlegar afleiðingar stakra frumlagsleiðréttinga:

- A: Athugasemdapolar geta, a.m.k. í sumum tilvikum, lært að sneiða hjá þágufalli fyrstu persónu eintölu (þ.e. *mér*) með þessum sögnum, sérstaklega ef þeir vanda sig eða hugsa sig um, t.d. í ritmáli, en þeir eru vísir til að nota annars þágufallsfrumlög með þessum sögnum, t.d. ef frumlagið er í þriðju persónu.
- B: Athugasemdapolar túlka aðfinnslurnar í samræmi við reglukerfi sitt, þ.e. eitthvað á þessa leið til dæmis (ómeðvitað auðvitað): Úr því að þágufall er rangt með *hlakka til* og nefnifall rétt hlýtur það sama að gilda um einhverjar af þessum merkingarlega skyldu sögnum sem ég hef til þessa notað það með, t.d. *hætta til* (sbr. næstsíðustu glæru).
- C: Athugasemdapolar verða alveg ruglaðir í ríminu því það er búið að „eyðileggja“ regluna sem þeir höfðu búið sér til. Þeir treysta því ekki lengur á eigin máltilfinningu og „vita ekkert í sinn haus“, ef svo má segja.



# Leiðréttingar sem gera illt verra, 4

„Raunverulegt dæmi“ um afleiðingu af gerð A (hefðbundin fallnotkun í fyrstu persónu, óhefðbundin í þriðju): Segja (eða samþykkja)  $a$  en ekki  $b$  (sbr. líka Ástu Svavarsdóttur 2013 og Irisi Eddu Nowenstein 2012):

- a. **Okkur samstarfsmönnum þínum** langar til að færa þér þessa gjöf í tilefni dagsins.
- b. **Mér** langar til að færa þér þessa gjöf í tilefni dagsins.

Kannski eru svona „innri tilbrigði“ í fallnotkun alveg „eðlileg“ og ekkert „verri“ en að nota þágufall í báðum (eða öllum) tilvikum (þ.e. fyrstu, annarri og þriðju persónu).



# Leiðréttingar sem gera illt verra, 5

Dæmi um afleiðingu af gerð B: Leiðrétting á þágufallshneigð hefur (óæskileg) áhrif á aðrar sagnir í merkingarflokknum: Íslenskunemi í umræðum um þágufallshneigð í kennslustund í íslensku í Háskóla Íslands:

- Já, ég veit að **ég hætti oft til** að vera þágufallssjúkur ...



# Leiðréttingar sem gera illt verra, 6

Dæmi um afleiðingu af gerð C (málnotandi verður alveg ruglaður í ríminu af því að það er búið að „eyðileggja regluna“ sem hann hafði komið sér upp): Verkefni (eyðufylling) í grunnskóla, svör nemanda og leiðréttingar kennara (\* = rangt eða óhefðbundið, R = rétt að mati kennarans):

Setning með eyðu til að fylla í:

- \_\_\_ dreymir um að komast þangað.
- \_\_\_ langar að ferðast.
- \_\_\_ leiðist að bíða eftir þessu.
- \_\_\_ kvíðir fyrir prófinu.
- \_\_\_ hlakkar til jólanna.
- \_\_\_ syfjar oft fyrir framan sjónvarpið.
- \_\_\_ svíður að hafa verið rekin heim.
- \_\_\_ liggur á að komast í frí.
- \_\_\_ dettur margt í hug.
- \_\_\_ minnir að þetta sé svona.

Eyðufylling nem.:

- mig*
- \*henni*
- mér*
- \*mig*
- \*honum*
- \*henni*
- henni*
- honum*
- \*þig*
- mig*

Aths. kennara:

- R
- mig*
- R
- hann*
- hann*
- \*hún*
- \*hún*
- \*hann*
- \*R
- \*þú*



# Leiðréttingar sem gera illt verra, 7

## Eitt dæmi enn:

Nýja þolmyndin/Nýja ópersónulega setningagerðin (sjá t.d. Sigríði Sigurjónsdóttur og Joan Maling 2001 og mörg skrif síðan):

- Það var barið mig.
- Í gær var hrint mér niður stigann.
- Það var rekið Ólaf úr skólanum í gær.

## Spurning:

- Hvað einkennir þessa setningagerð?

## Svar:

- Það krefst talsverðrar kunnáttu í setningafræði að geta gert grein fyrir því.

## Afleiðing:

- Kennarar hafa engin tók á því að gera gagnlegar athugasemdir við þetta. Þess vegna gera athugasemdir þeirra bara illt verra.



# Leiðréttingar sem gera illt verra, 8

Síðasta dæmið — sambland af gerð B og C: Samtal við matarborðið.

Þátttakendur: A: móðir, B: framhaldsskólanemi, C: faðir

A: Hvernig ferðu í bíó.

B: Við vorum að tala um að **ég** yrði skutlaður. (A og C láta í ljós undrun)

B: (önugur) Ókei ... að **mér** yrði skutlað.

C: Að það yrði skutlað **þér**?

B: (hneykslaður) Nei!

C: Af hverju ekki?

B: Það er bara rangt mál. Það á ekki að segja svoleiðis.

C: Nú, einn bara byrjaður í framhaldsskóla!

A: En hvernig finnst þér: *Það var tekin **einhver taska** í skólanum?*

Er hægt að segja svoleiðis?

B: Nei.

A: Af hverju ekki?

B: Það er bara eins.

A: Það hefur lengi verið hægt að segja svoleiðis á íslensku.

C: Ég segi svoleiðis.

B: (hissa) Er það?

A: Já, það er munur á *Það var tekin **einhver taska*** og *Það var **tekið töskuna mína***.

B: (hissa) Ha, er það?



# Málvernd, mátilfinning, máleyra

## Spurning:

- Ef hefðbundnar leiðréttingar á stökum atriðum eru yfirleitt gagnslausar, og stundum jafnvel skaðlegar, hvað gæti þá skilað árangri í þeirri viðleitni að „viðhalda samhenginu“ í málinu og stuðla að „betri málnotkun“?

## Áður nefnt markmið í námskránni (sbr. hér framar):

- Í yngstu bekkjum grunnskóla er áhersla einkum lögð á orðaforða og að móta málbeitingu og **mátilfinningu**. Mikilvægt er að umfjöllun um málfræði **styðjist við færni nemenda í máli og miði að því að efla sjálfstraust þeirra og vitund um eigin færni**.



# Málvernd, máltilfinning, máleyra, 2

## Nokkrar staðhæfingar:

- Góð og traust **máltilfinning** skiptir mestu um málnotkun. Hana öðlast málnotendur í fyrsta lagi við máltöku á barnsaldri og í öðru lagi við það að lesa og heyra fjölbreytt mál (sjá t.d. Höskuld Þráinsson 2000).
- Máltilfinninguna mætti líka kalla **máleyra** með hliðsjón af brageyra (sbr. Heimi Pálsson 2006). Munurinn er þó sá að allir hafa máltilfinningu (kannski að einhverju leyti mistrausta) en bara sumir hafa brageyra (hvernig sem á því stendur).
- Leiðréttingar á einstökum atriðum í málnotkun verða sjaldnast hluti af máltilfinningu „athugasemdapolanna“. En þeir geta stundum nýtt sér þessar athugasemdir þegar þeir hafa tíma til að ganga frá (rituðum) texta, líkt og menn geta lært að setja saman vísu eftir bragreglum með yfirlegu þótt þeir hafi ekki brageyra.



# Málvernd, máltilfinning, máleyra, 3

## Ein staðhæfing enn ...

- Ef við viljum „halda órofnu samhengi í máli frá kynslóð til kynslóðar“ (sjá Indriða Gíslason o.fl. 1988:53) verður það ekki gert með leiðréttingum á einstökum atriðum sem ekki eru í samræmi við þetta samhengi. Hins vegar getur **lestur** stuðlað að þessu samhengi með því að styrkja máltilfinninguna.

## ... og spurningar sem hún vekur:

- En fer lestur ekki minnkandi? Hefur ekki t.d. komið í ljós á PISA-prófinu að íslenskir skólanemendur standa jafnöldrum sínum annars staðar að baki að því er varðar lesskilning, sérstaklega strákar?
- Hvað er þá til ráða? Hlýtur þetta samhengi ekki að rofna?



# Tillaga um mótvægisaðgerðir

Gömul og gamaldags en góð kennsluáðferð:

- Í stað þess að láta nemendur eingöngu „skrifa upp úr sér“ í ritunaræfingum (það er bara þjóðsaga eða mýta að það liggi vel fyrir öllum nemendum í grunnskóla) eru þeir látnir skrifa **endursagnir**: Kennarinn les stutta frásögn (t.d. skemmtisögu, þjóðsögu ...), nemendur hlusta, taka eftir aðalatriðunum og endursegja síðan frásögnina skriflega.

Líklegur árangur af þessari aðferð:

- Nemendur fá þjálfun í að hlusta á (tiltölulega formlegt) talað mál og taka eftir aðalatriðunum.
- Þetta eykur orðaforða þeirra og styrkir máltilfinninguna.
- Þannig stuðlar þetta að margnefndu samhengi og getur hægt á ýmsum málbreytingum (t.d. breytingum á setningagerð).
- Með þessu móti fá „ekki-skáldin“ meiri ritþjálfun en ella.
- Afleiðingin verður auk þess mun betri árangur á PISA-prófunum.



# Rit sem vísað er til

- Aðalnámskrá grunnskóla – Almennur hluti 2011. Greinasvið 2013.* Mennta- og menningarmálaráðuneyti, Reykjavík, 2013. [Finnanleg á slóðinni <http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefid-efni/namskrar/adalnamskra-grunnskola/>]
- Ásta Svavarsdóttir. 2013. Þágufallshneigð í sjón og raun. Niðurstöður spurningakannana í samanburði við málnotkun í tali og riti. Höskuldur Þráinsson, Ásgrímur Angantýsson og Einar Freyr Sigurðsson (ritstj.): *Tilbrigði í setningagerð I. Markmið, aðferðir og efniviður*, bls. 83–110. Málvísindastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Einar Þór Karlsson. 2013. Hugsaðu áður en þú skrifar. *visir.is* 27. apríl 2013  
Finnanleg á slóðinni <http://www.visir.is/hugsadu-adur-en-thu-skrifar/article/2013704279891>.
- Guðmundur Andri Thorsson. 2013. Er íslenska útlenska? *Fréttablaðið*, 4. mars.  
[Finnanleg á slóðinni <http://www.visir.is/er-islenska-utlenska/article/2013703049989>.]
- Heimir Pálsson. 2006. Þegar ljóðlist og tónlist greinir á. Hjörtur Pálsson, Vésteinn Ólason, Vigdís Finnbogadóttir og Þórður Helgason (ritstj.): *Hugðarefni*. Afmæliskeðjur til Njarðar P. Njarðvík 30. júní 2006, bls. 38–57. JPV útgáfa, Reykjavík.



## Rit sem vísað er til, 2

Helgi Pjeturss. 1927. Málsýking. *Vísir*, 6. mars, bls. 2.

Höskuldur Þráinsson. 2000. Hvernig öðlast menn máltilfinningu og hvaða máli skiptir hún? Heimir Pálsson (ritstj.): *Lestrarbókin okkar – Greinasafn um lestur og læsi*, bls. 131-142. Rannsóknarstofnun kennaraháskóla Íslands, Reykjavík.

Höskuldur Þráinsson. 2005. *Setningar*. Handbók um setningafræði. Íslensk tunga III. Ritstjóri og aðalhöfundur Höskuldur Þráinsson. Meðhöfundar Eiríkur Rögnvaldsson, Jóhannes Gísli Jónsson, Sigríður Magnúsdóttir, Sigríður Sigurjónsdóttir og Þórunn Blöndal. Almenna bókafélagið, Reykjavík.

Indriði Gíslason, Baldur Jónsson, Guðmundur B. Kristmundsson og Höskuldur Þráinsson. 1988. *Mál og samfélag*. Iðunn, Reykjavík.

Indriði Gíslason, Sigurður Konráðsson og Benedikt Jóhannesson. 1986. *Framburður og myndun fleirtölu hjá 200 íslenskum börnum við fjöggra og sex ára aldur*. Rit Kennaraháskóla Íslands, A-flokkur. Rannsóknarritgerðir og skýrslur. Reykjavík.

Iris Edda Nowenstein Mathey. 2012. *Mig langar sjálfri til þess. Rannsókn á innri breytileika í fallmörkun frumlaga*. BA-ritgerð, Háskóla Íslands.



## Rit sem vísað er til, 3

- Jóhannes Gísli Jónsson. 2005. Merkingarhlutverk, rökliðir og fallmörkun. *Setningar – Handbók um setningafræði*, bls. 350–409. Íslensk tunga III. Ritstjóri og aðalhöfundur Höskuldur Þráinsson . Almenna bókafélagið, Reykjavík.
- Maling, Joan. 2002. Það rignir þágufalli á Íslandi. Verbs with Dative Objects in Icelandic. *Íslenskt mál* 24:31–105.
- Sigríður Sigurjónsdóttir. 2005. Máltaka og setningafræði. *Setningar – Handbók um setningafræði*, bls. 636–655. Íslensk tunga III. Ritstjóri og aðalhöfundur Höskuldur Þráinsson. Almenna bókafélagið, Reykjavík.
- Sigríður Sigurjónsdóttir. 2013. Máltaka barna og meðfæddur málhæfileiki. Höskuldur Þráinsson og Matthew Whelpton (ritstj.): *Chomsky – Mál, sál og samfélag*, bls. 107–127. Hugvísindastofnun og Háskólaútgáfan, Reykjavík.